



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 13. nóvember 2019

R19110102

Borgarráð

Flugskýli - uppgjör vegna niðurrifs

Óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að samkomulagi um uppgjör milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og 365 ehf., vegna niðurrifs og brottflutnings á flugskýli, fasteignanúmer F2029306.

Greinargerð:

Hinn 20. mars 2017 gerðu aðilar með sér samkomulag þess efnis að Hverfiseignir ehf. (nú 365 hf.) myndi annast niðurrif og brottflutning flugskýlis, gegn greiðslu samtals 13.150.000 kr. Þegar hafa verið greiddar 10.000.000 kr. en samkomulag þetta tekur til eftirstöðva. Upphaflega áttu Hverfiseignir ehf. að fjarlægja botnplötu en nú mun Reykjavíkurborg taka það verk að sér gegn afslætti af kaupverði. Eftirstöðvar af greiðslu nema því 2.150.000 kr. í stað 3.150.000 sé tekið tillit til afsláttar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag - uppgjör v. flugskýlis - DRÖG

Samkomulag - greiðsla v. niðurrifs á flugskýli, dags. 20. mars 2017

Fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-5459, Lindargötu, 101 Reykjavík, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og 365 hf., kt. 480702-3900, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, (hér eftir félagið) gera með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG UM UPPGJÖR

1. gr.

Hinn 20. mars 2017 gerðu aðilar með sér samkomulag þess efnis að Hverfiseignir ehf. (nú 365 hf.) annist niðurrif og brottflutning flugskýlis, fasteignanúmer F2029306 gegn greiðslu á samtals 13.150.000 kr. Þegar hafa verið greiddar 10.000.000 kr. en samkomulag þetta tekur til eftirstöðva.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að veittur verði afsláttur af samningsgreiðslu sem nemur 1.000.000 kr. Reykjavíkurborg mun því greiða félaginu 2.150.000 kr. sem eingreiðslu eigi síðar en þann 2. desember 2019. Engir vextir, virðisaukaskattur, kostnaður eða gjöld reiknast ofan á samningsgreiðslu greiðist hún fyrir framangreinda dagsetningu.

3. gr.

Við undirritun samkomulags þessa falla allar frekari kröfur niður er aðilar kunna að eiga eða kunna geta gert á hendur hver öðrum vegna samkomulags dags. 20. mars 2017. Með undirritun aðila og greiðslu Reykjavíkurborgar á umsamdri fjárhæð felst engin viðurkenning af hálfu aðila á réttmæti krafna.

Reykjavíkurborg hefur gert kröfu á hendur félaginu vegna vangreiddra fasteignagjalda eftir að skrifað var undir samkomulagið. Reykjavíkurborg ábyrgist að fella þau niður gagnvart félaginu.

4. gr.

Félagið skal í einu og öllu tryggja afskráningu flugskýlisins úr þinglýsingabók, fasteignaskrá og öðrum opinberum skráum. Í því skyni skal þar til bær aðili undirrita öll nauðsynleg skjöl f.h. félagsins svo afmá megi fasteignina úr opinberum skráum og aflétta kvöðum og veðböndum. Reykjavíkurborg skal sjá um brottflutning botnplötu og skjalagerð varðandi afskráningu, án frekari greiðslu af hálfu félagsins. M.ö.o. þá hefur fullnaðargreiðsla farið fram, þegar greiðsla skv. 2. gr. hefur verið innt af hendi.

5. gr.

Komi til málshöfðunar vegna samnings þessa skal mál höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningur þessi er gerður í þrem samhljóða og jafngildum eintökum. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs og öðlast ekki skuldbindingargildi fyrr en við samþykki ráðsins.

Reykjavík, (DAGS.)

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. 365 hf.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóðs

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

006252

Skjal A
Móttekið til þinglýsingar

19. MAI 2017

SAMKOMULAG

Ríkissjóður Íslands kt. 5402695459 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 annars vegar, og Hverfiseignir ehf. kt. 700909-0340 hins vegar, gera með sér svofellt samkomulag vegna niðurrifs og brottflutnings neðangreinds flugskýlis á Reykjavíkflugvelli:

- Flugskýli 252,0 fermetrar, merkt 01-0101, fastanúmer 202-9306,

Samkomulag þetta miðast við að Hverfiseignir ehf. annist niðurrif og brottflutning eignarinnar á sinn kostnað fyrir 1. desember 2017. Niðurrif fer fram með þeim hætti, að Reykjavíkurborg leggur til gáma en efnið er flokkað í gáma. Reykjavíkurborg skal taka við gámum og urða efnið á sinn kostnað. Skal því verða lokið fyrir 1. desember 2017.

Heildarfasteignamat umræddrar eignar er kr. 17.590.000.-, þar af er lóðarmat kr. 4.440.000.-

Af framangreindri eign reiknast og greiðast ekki fasteignagjöld á árinu 2017.

Greiðsla samkvæmt samkomulagi þessu er kr. 13.150.000.-

Hluti greiðslunnar kr. 10.000.000.- skal greiddur við undirritun samkomulags þessa og eftirstöðvar greiðast þegar niðurrif og brottflutningur eignar hefur farið fram og úttekt þess hefur verið tilkynnt til byggingafulltrúa auk þess sem eignin hafi verið afmáð af skráum Þjóðskrár Íslands og þinglýsingarskrá.

Seljandi skuldbindur sig til þess árita afsal milli Reykjavíkurborgar og Ríkissjóðs Íslands um sölu svokallaðs Skerjafjarðarlands skv. afsali dags. 11.8.2016. Miðast uppgjör fasteignagjalda við þann dag.


INNFAERT


30. MAI 2017

Reykjavík, 20. mars 2017



 Dagur E. Eðgertsson
 f.h. Reykjavíkurborgar





 Almar D. Moller
 f.h. Hverfiseigna ehf.




Samþykkt með fyrirvara um samþykki borgarráðs


 fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. Ríkissjóðs
 Íslands.



Vottar að rétttri undirskrift samkomulags þessa, fjárræði, hæfi

og dagsetningu.


 240346-2574